

Aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn getur veitt ríkjum aðstoð við að koma á efnahagslegum stöðugleika í kjölfar áfalla, með því að leggja til ýmsar efnahagsaðgerðir og veita skilyrt tímabundið lán. Þau efnahagslegu áföll sem um ræðir fela iðulega í sér umtalsvert gengisfall gjaldmiðils á skömmum tíma og minnkandi tiltrú erlendra aðila á hagkerfinu. Flókið getur verið að benda á ástæður þess að vandinn kom til, en gjarnan á hann rætur sínar að rekja til veiks fjármálakerfis heima fyrir, hárri erlendra skulda innlendra aðila og veikrar efnahagsstjórnunar. Ofast er um að ræða sambland þessara þátta auk fjölda annarra.

Láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er ætlað að veita ríkisstjórnnum í vanda svigrúm til að innleiða og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum aðgerðum til að koma á stöðugleika í hagkerfinu. Með þessu er flýtt fyrir aðlögun hagkerfisins þannig að efnahagslegur skaði verði sem minnstur, bæði fyrir almenning í landinu og aðrar þjóðir sem eiga beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta. Ljóst er því að aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins getur komið sér vel við vissar aðstæður.

Skilyrt lán

Lán sjóðsins eru langt því frá að vera án skilmála. Skilyrði fyrir lánveitingu er að ríkisstjórn viðkomandi lands semji um fjölbætta aðgerðaáætlun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Um er að ræða efnahagsaðgerðir sem sjóðurinn og ríkisstjórn koma sér saman um að hrinda í framkvæmd til að greiða úr erfiðleikum. Þannig má segja að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn öðlist talsvert ákvörðunarvald í hagstjórnarmálum. Þetta verður að teljast af hinu góða, enda eru sér færðingar sjóðsins utanaðkomandi og fullkomlega óháðir aðilar sem búa yfir verðmætri þekkingu og reynslu.

Um leið og samið hefur verið um aðgerðaáætlun skipar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með því að ríkisstjórnin efni samninginn. Þannig er tryggt að aðgerðaráætluninni verði framfylgt.

Vilji til samvinnu er forsenda

- Ljóst er að ríkisstjórnin verður að sýna sterkan vilja til samvinnu ef aðkoma IMF á að skila tilætluðum árangri.
- Án ríkrar samvinnu verður árangurinn í besta falli takmarkaður.

Íslenski efnahagsvandinn

- Í fljótu bragði virðast aðstæður á Íslandi með þeim hætti að aðstoð frá IMF sé skynsamlegur kostur.
- Stjórnámamenn verða að vera reiðubúnir til að framselja ákvörðunarvald til IMF.
- Mikilvægt að efla trúverðugleika og þetta er líklega besta leiðin til þess.
- Samkvæmt okkar upplýsingum kæmi IMF ekki að uppbyggingu bankakerfisins heldur væri verkefni þess bundin við efnahagslegan stöðugleika og gjaldeyrismál.
- Svo virðist sem lausnin njóti pólitísks hljómgrunnis á alþjóðavettvangi, sem m.a. má sjá af áhuga Japans á stuðningi við Ísland.

- Fleiri hagkerfi gætu þurft að leita á náðir IMF í náninni framtíð miðað við þróunina á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og því skynsamlegra að leita fyrr en síðar á náðir sjóðsins ætli þeir sér það á annað borð.

Er samstarf við IMF vænlegt til árangurs?

- Sagan bendir til þess að við vissar aðsæður sé aðkoma IMF af hinu góða.
- Ríkur samstarfsvilji virðist vera grunnforsenda árangurs af samstarfinu.
- Mikilvægt að efla trúverðugleika og þetta er líklega besta leiðin til þess. Ísland hefur beðið álitshnekki í alþjóðlegu samhengi og aðkomu IMF mætti líkja við heilbrigðisvottorð á hagkerfið.
- Af þeim leiðum sem til greina koma til að endurbyggja gjaldeyrismarkaðinn er þetta líklega besti kosturinn.